



## Vísindafélagið. Lög félagsins

---

Bjarni Benediktsson – Vísindafélagið. Lög félagsins

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-6, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefnd sú, sem kosin var á aðalfundi Vísindafélagsins 29. f. m. til þess að endurskoða lög félagsins og gera tillögur til breytinga á þeim, hefur sent félagsstjórninni tillögur sínar.

Til betra yfirlits og hægðarauka við samanburð hefur stjórnin fellt breytingartillögur nefndarinnar inn í lög félagsins, sem þannig breytt hljóða á þessa leið:

### Lög Vísindafélags Íslendinga.

#### 1. gr.

Félagið heitir Vísindafélag Íslendinga (Societas scientiarum Islandica).

#### 2. gr.

Heimili félagsins er í Reykjavík.

#### 3. gr.

Tilgangur félagsins er að styðja hverskonar vísindalega starfsemi.

#### 4. gr.

Í félaginu skulu haldnir fundir svo oft sem kostur er á, þó ekki sjaldnar en annan hvern mánuð á tímabilinu frá 1. október til 30. maí. Á hverjum fundi skal fyrirlestur fluttur eða umræður hafðar um eitthvert efni, er að vísindum lýtur.

Stjórn félagsins boðar félagsfundi félagsmönnum búsettum í Reykjavík eða nágrenni með hæfilegum fyrirvara.

#### 5. gr.

Félagið gefur út, eftir því sem kostur er á, rit þau og ritgerðir, er því berast eða samín verða að tilhlutun þess og þess þykja verð. Ritum eða ritgerðum utanfélagsmanna skulu fylgja meðmæli eins eða fleiri félagsmanna.

Stjórn félagsins sér um útgáfu rita þess og ritgerða.



Félagsmenn fá eitt eintak hver af ritum þeim, er félagið gefur út.

6. gr.

Félagið getur ennfremur veitt mönnum kost á að vinna til verðlauna eða annarar sæmdar fyrir úrlausn verkefna, er það setur. Getur félagið falið mönnum, einum eða fleirum, að ákveða slík verkefni og dæma úrlausnir, er koma kynnu.

7. gr.

Félagsmenn eru reglulegir félagsmenn, heiðursfélagar og bréfafélagar.

8. gr.

Reglulegir félagsmenn geta þeir einir orðið, sem búsettir eru í Reykjavík eða nágrenni og mega þeir ekki fleiri vera en 36. sbr. þó 10. gr. 2. mgr.

Engan má kjósa reglulegan félagsmann nema samkv. skriflegri til<sup>l</sup>ög<sup>u</sup> frá 2 eða fleiri reglulegum félagsmönnum, og sé tillagan rökstudd með greinargerð um vísindastarf hins væntanlega félagsmanns. Tillagan ásamt greinargerð skal birt á félagsfundi eigi síðar en á næsta fundi áður en kosning fer fram.

Kosning nýrra félagsmanna fer aðeins fram á aðalfundi, sbr. þó 9. gr. Kosningin skal vera skrifleg og leynileg (já eða nei) og skal jafnan kosið aðeins um einn mann í senn. Komi tillögur um fleiri en einn nýjan félagsmann til sama fundar, ræður félagsstjórnin því, í hverri röð þær skuli bornar upp til atkvæða.

Í fundarboði til aðalfundar, er sent skal í lokuðu bréfi, skal sérstaklega skýrt frá tillögum um kosning<sup>u</sup> nýrra félagsmanna, er framkanna að vera komnar og má ekki bera upp neina kjörtillögu, sem eigi hefir verið birt félagsmönnum með þessum hætti. Félagsmenn, sem ekki sækja aðalfund, geta sent á fundinn skriflegt atkvæði sitt um kosningu



nýrra félagsmanna. Sá einn er rétt kjörinn félagsmaður, sem hlýtur 4/5 greiddra atkvæða, sbr. þó 9. gr.

Hver reglulegur félagsmaður greiðir kr. 10 á ári til félagsins.

9. gr.

Heiðursfélaga má aðeins kjósa eftir einróma tillögu félagsstjórnar. Kosning heiðursfélaga getur farið fram hvort heldur er á aðalfundi eða almennum félagsfundi, en jafnan skal tillögu um slíka kosningu getið í skriflegu fundarboði. Sú kosning ein er lögmæt, sem er mótatkvæðalaus. Að öðru leyti gilda ákvæði 8. gr. um kosningu þessa.

10. gr.

Bréfafélaga má kjósa innlenda eða erlenda vísindamenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur eða nágrennis. Bréfafélagar búsettir innanlands mega ekki vera fleiri en 6, sbr. þó aðra mgr. þessarar greinar. Um kosningu bréfafélaga fer eftir sömu reglum og um kosningu reglulegra félagsmanna. Bréfafélagar greiða ekki félagsgjöld og hafa ekki atkvæðisrétt um málefni félagsins.

Taki bréfafélagi sér bólfestu í Reykjavík eða nágrenni verður hann þar með reglulegur félagsmaður, enda þótt tala reglulegra félagsmanna við það verði hærrí en 36. Þegar svo ber við má ekki kjósa nýja reglulega félagsmenn fyrir en tala þeirra, sem fyrir eru, er orðin lægri en 36. Með sama hætti verður reglulegur félagsmaður, sem búferlum flytur úr Reykjavík eða nágrenni, bréfafélagi, og gilda þá tilsvarendi reglur um tölu bréfafélaga innanlands og gilda um tölu reglulegra félagsmanna samkv. 1. málsg. þessarar málsgreinar.

11. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, forseti, ritari og féhirðir. Skulu þeir kosnir á aðalfundi, forseti til þriggja ára en ritari og féhirðir til eins árs í senn. Nú hlýtur enginn þeirra sem í kjöri eru meiri hluta greiddra atkvæða og skal þá fara fram bundin kosning um



þá er fengið hafa tvær hæstu atkvæðatölurnar og ræður þá atkvæðafjöldi, en hlutkesti, ef tveir eða fleiri fá jafnmörg atkvæði.

Forfallist stjórnarmaður svo, að hann fyrirsjáanlega geti eigi gegnt stjórnarstörfum sínum framvegis, skal kjósa á næsta félagsfundi mann í hans stað fyrir það, sem eftir er af kjörtíma hans.

Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðunarmenn til eins árs í senn til að athuga reikninga félagsins.

12. gr.

Stjórnin annast allar framkvæmdir félagsins, þær er eigi eru sérstaklega lagðar undir félagsfundi eða einstaka menn (sbr. 6. gr.).

13. gr.

Á félagsfundum ræður afl atkvæða sbr. þó 8., 9. og 15. gr.

Á félagsfundum má ekki gera ályktun um neitt félagsmálefni, sem eigi hefir verið greint í skriflegu fundarboði, nema því aðeins að á fundi sé meira en helmingur atkvæðisbærra félagsmanna.

14. gr.

Aðalfundur skal haldinn í síðasta lagi í marzmánuði ár hvert.

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin til meðferðar:

1. Stjórnin leggur fram reikninga félagsins og skýrir frá störfum þess síðastliðað starfsár.
2. Kosning stjórnarmanna.
3. Kosning endurskoðenda.

15. gr.

Lögum félagsins má eigi breyta nema á aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar skulu komnar til stjórnar félagsins svo snemma, að hún geti lagt þær fyrir félagsfund til umræðu og síðan sent þær ásamt breytingartillögum, sem gerðar kunna að hafa verið á fundinum, öllum atkvæðisbærum félagsmönnum með fundarboði til aðalfundar. Lagabreytingar má því aðeins bera upp til samþykktar á aðalfundi að þar sé helm-



ingur atkvæðisbærra félagsmanna hið fæsta og telst hún eigi samþykkt nema 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með henni.

Ólafur Lárusson  
Þorkell Þorkelsson  
Björn Þórðarson.

-----  
Ofanritað lagafrumvarp verður borið undir framhalds-aðalfund til samþykktar.

-----  
Núgildandi lög félagsins eru prentuð í fyrstu skýrslu þess, bls. 4-7.